

Nr. 796

10. september 2009

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda.

Breytingin varðar lóð nr. 6 við Ægisgrund og gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir bílageymslu utan byggingarreits. Bifreiðargeymslan er 38 m² að flatarmáli og 3,38 m að hæð yfir gólfkóta sem er 20 cm neðar en gólfkóti íbúðarhúss.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Arnarness.

Breytingin varðar lóð nr. 20 við Súlunes og gerir ráð sólskála sem nær 2,6 m út fyrir byggingarreit að suðvestanverðu. Heildarflatarmál sólskálans verður 22,3 m² en tæplega 16 m² eru utan byggingarreits.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Flata.

Breytingin varðar lóð nr. 39 við Markarflót og gerir ráð fyrir því að viðbygging nái lítillega út fyrir byggingarreit að ofanverðu.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 10. september 2009.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 24. september 2009